

Tillaga til 491. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. mars 2022

Tillaga frá 1189. fundi bæjarráðs, sem fram fór 28. febrúar 2022, um bæjarstjórn samþykki drög að samstarfssamningi heilbrigðisráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar um stækkun hjúkrunarheimilisins Eyrar.

6. Hjúkrunarheimilið Eyri - viðbygging - 2020 - 2020040005

Lögð fram til samþykktar drög að samstarfssamningi heilbrigðisráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar um stækkun hjúkrunarheimilisins Eyrar, ásamt fylgiskjöllum um búnaðarkaup, frumathugun Framkvæmdasýslu ríkisins dagsett í nóvember 2021 og skýrslu um skipulag hjúkrunarheimila frá 2022.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja drög að samstarfssamningi heilbrigðisráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar um stækkun hjúkrunarheimilisins Eyrar.

Bæjarráð áréttar að bygging á lóð að norðanverðu hugnast bæjarráði ekki. Þá felur bæjarráð bæjarstjóra að halda áfram viðræðum við ríkið um að það yfirtaki fasteignina.